



Starfsáætlun 2023-2024

Vesturberg





Starfsáætlun 2023-2024

Vesturberg

Vesturbraut 15

Reykjanesbær, september 2023

Inngangur

Nú er hafið skólaárið 2023-2024, haustið fer vel af stað, allar stöður mannaðar og er útlit fyrir ljómandi góðum vetri. Stöðug endurnýjun, framþróun og samvinna eru hugtök sem eiga vel við og menntasamfélagið í Vesturbergi leitast við að tileinka sér í ár sem önnur ár. Börnin eru alltaf mikilvægust í stefnu Vesturbergs, það verður áhugavert að kafa betur ofan í þær nýjungar sem boðaðar eru í Aðalnámskrá leikskóla og virðast sniðnar að starfi okkar í Vesturbergi.

Súper flottur starfsmannahópur sem starfar í krafti fjölbreytileikans er tilbúin í ævintýri vetrarins með öllum sínum ljóma.

Efnisyfirlit

1. Starfsáætlun 2022-2023	5
1.1 Hlutverk	5
1.1.a Með opnum hug og gleði í hjarta í Vesturbergi.....	5
1.2 Þjónustustig.....	6
1.3 Markmið og framtíðarsýn	6
1.4 Gæðamarkmið.....	7
1.5 Helstu verkefni á árinu.....	8
1.5. a Hljómsveit	10
1.5. b Pennahópur:.....	10
1.5.b Hugarfrelsi í Vesturbergi.....	11
1.6 Menning, endurmentun og samfélagið.....	12
1.6.a Menning og hefðir.....	12
1.6.c Endurmenntun	12
1.6.c Samfélagið í Vesturbergi.....	14
Lokaorð.....	14

1. Starfsáætlun 2023-2024

1.1 Hlutverk

Í samræmi við lög annast leikskólinn Vesturberg uppeldi, umönnun og menntun barna sem hann sækja. Í 1. grein laga um leikskóla frá árinu 2008, segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Vesturberg vinnur eftir Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefnu Reykjaneshæjar og námskrá Vesturbergs. Í Menntastefnu Reykjaneshæjar er meginmarkmið að skapa öllum börnum og ungmönnum í Reykjaneshæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta. Frá upphafi hefur aðaláherslan í Vesturbergi verið á hinn frjálsa leik og lítum við á barnið sem getumikinn einstakling sem hefur þörf fyrir ást, öryggi, hlýju og viðurkenningu hins fullorðna.



ALLIR MED



MÉR LÍÐUR VEL



OPNUM HUGANN



SKÖPUNARGLEÐI



VIÐ OG JÖRDIN

1.1.a Með opnum hug og gleði í hjarta í Vesturbergi

Þau þrjú leiðarljós sem Menntastefna Reykjaneshæjar byggir á falla afar vel að anda og starfi Vesturbergs. Börnin eru svo sannarlega mikilvægust hér í Vesturbergi eins og lög gera ráð fyrir en að börnin séu mikilvægust er eitt af leiðarljósunum. Inni í starfi leikskólans fléttast ýmis verkefni sem dæmi má nefna verkefni í Pennhóp sem eru margvísleg, lða, Hljómsveit og Hugarfrelsi. Í krafti fjölbreytileikans tökum við öll þátt í leik og starfi hér í Vesturbergi og berum virðingu fyrir hvort öðru og tökum tillit. Í því menntasamfélagi sem ríkir hér styðjum við við hvert annað í nýjum skrefum, styrkjum og eflum fagfólkið okkar, það er okkur mikilvægt að styðja við fólkið okkar í nýjum starfsháttum en ekki síður að efla okkar góðu og mikilvægu menningu.

Stefnuáherslurnar fimm sem tilheyra Menntastefnu Reykjaneshæjar passa afar vel við samfélagið í Vesturbergi þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín í mörgum verkefnum og á flestum svæðum hússins. Þegar stefnuáherslur eru mátaðar við starf Vesturbergs er óhætt að

segja að þær mátast afar vel við starfið. Við og jörðin, sköpunargleði, allir með, mér líður vel og opnum hugann eru áherslur sem smell passa inn í allt starf og eins og Menntastefna Reykjanesbæjar hafi verið hönnuð utan um starfið hér. Víða í starfáætluninni eru annaðhvort leiðarljós eða stefnuáherslur tengdar inn í verkefni en í flestum tilfellum má finna enn fleiri sem gætu einnig tengst.

Í krafti fjölbreytileikans er slagorð Reykjanesbæjar og er vísun í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og felur í sér framtíðarsýn með sex stefnuáherslum og þremur gildum. Stefnuáherslurnar eru börnin mikilægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er einnig hluti af því efni sem Reykjanesbær hefur innleitt og eru bæði Barnasáttmáli og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hluti af Menntastefnu Reykjanesbæjar



1.2 Þjónustustig

Leikskólinn Vesturberg þjónustar börn á aldrinum tveggja til sex ára. Í Vesturbergi eru foreldrar ætíð velkomnir inn í leikskólann. Heimasíða er í endurnýjun en lítur vonandi dagsins ljós áður en langt um líður og heimastofur eru svo með lokaða hópa á Facebook sem deildarstjórar stjórna. Foreldrafélag er starfandi í Vesturbergi. Samkvæmt lögum er foreldraráð starfandi og eru þrír foreldrar þar innanborðs. Vala er kerfi sem bæði inniheldur app og ýmis verkfæri og nýtist bæði foreldrum og kennurum. Með kerfum sem við höfum innan okkar vébanda getum við miðlað upplýsingum til foreldra sem við teljum afar mikilvægt og leggjum á það áherslu að vera í góðum tengslum við foreldra.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Þar sem nemendur fara frjálst um húsið er nauðsynlegt að fylgjast með ferðum þeirra og tryggja að hver nemandi fari á öll svæði og njóti þess sem í boði er. Tvisvar yfir veturinn eru foreldraviðtöl í október og í apríl. Það er kennaranna að tryggja að allir nemendur fari á öll svæði og tryggi að börnin fái þá námsþætti sem eru í boði samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla.

Það er sannarlega í krafti fjölbreytileikans í sinni víðustu mynd að börnin flæði og hagi sínum gjörðum eftir eigin höfði, þau eru jú mikilvægust.

Námskráin er í sífelldri þróun og er afhent öllum foreldrum þegar börn þeirra hefja leikskólanám í formi handbókar til foreldra. Námskrá Vesturbergs er lifandi plagg sem er í sífelldri þróun.

1.4 Gæðamarkmið

Mat og gæðamarkmið í leikskóla þarf og er að sjálfsögðu til staðar, ýmsar leiðir eru notaðar til að kanna og meta verkefni. Til að tryggja faglegt menntasamfélag er til dæmis áætlað að gera mat á ýmsum sviðum eins og venjulega. Foreldrakönnun á vegum Skólaláttamálsins er áætluð á vormánuðum. Undanfarin ár hefur mannauðssvið lagt fram starfsmannakönnun á vegum Maskínu.

Ýmsar athuganir eru gerðar á börnunum, á vorin eru atferlisathuganir lagðar fyrir börnin sem farið er yfir í foreldraviðtölum. Hreyfingarskipting er lagt fyrir á vorin fyrir næstelsta árganginn, ef þörf er talin. Mál og hljóðkerfisvitund er athuguð með HLJÓM-2 prófi, hjá elstu börnum leikskólans, í september og aftur í janúar ef þörf er á. EFI-2 er málþroskaskimun fyrir þriggja ára börn og er skimun á máltjáningu og málskilningi, EFI-2 er lagt fyrir öll börn fædd 2020 í ár. Íslenski máhljóðamælirinn er einnig notaður ef grunur er um frávik.

Innra mat 2022-2023

Foreldrasamtöl okt-nóv 2023
Maskína -starfsmannakönnun á vegum Mannauðsdeildar Reykjanesbæjar -haust 2023
Starfsmannasamtöl deildarstjóra nóvember 2023
EFI-2 -september og október 2023
HLJÓM-2 -athugun á mál og hljóðvitund leikskólabarna -haust 2023
Símat og endurmat á verkefnum leikskólans á skipulagsdögum og hjá stjórnendateymi
Foreldrasamtöl apríl 2024

Starfsmannasamtöl leikskólastjóra febrúar 2024
Vikulegir fundir stjórnendateymis
Vikulegir fundir með deildarstjórum

1.5 Helstu verkefni á árinu

Verkefni	Markmið	Ábyrgðaraðilar
Leikgleði með sögum og söng -Birte Harksen	-Að miðla sögum og söng í gegn um gleði og leik	Allir starfsmenn
Nýjar áherslur í Aðalnámskrá leikskóla	-Að kynna fyrir kennurum Vesturbergs nýjar áherslur í Aðalnámskrá	Stjórnendateymi
Menntastefna Rnb	-Halda Menntastefnu Rnb á lofti	Allir starfsmenn
Námskrá Vesturbergs	-Hafa námskrá Vesturbergs lifandi og fara reglulega yfir áherslur	Stjórnendateymi
Barnasáttmáli SP	-Kynna fyrir nýju starfsfólki og sjá til að það kynni sér Barnasáttmálann	Allir starfsmenn
Pennahópur	-Barnið sé læst á sjálft sig og fari öruggara á næsta skólastig	Pennahópskennarar
Hljómsveit	-Að efla hljóðkerfisvitund árgangs 2018	Deildarstjórar

Hugarfrelsi	-Innleiða verkfæri til að draga úr neikvæðum hugsunum og þannig öðlast börn og kennarar frelsi frá áhyggjum, kvíða og ótta. Hugarfrelsi til þess að blómstra, frelsi til að nýta hæfileika sína sem best, frelsi til að velja hugsanir sínar sér og öðrum til gagns.	Allir kennarar
Iðá	-Kennarastýrð verkefni dýpkun á námsefninu: -læsi -stærðfræði -listir -hreyfing -vísindi -vettvangsferðir	Allir kennarar
Sérkennsla/skipulögð kennsla	-Efla málskilning og máltjáningu -Efla almennan þroska ef um frávík er að ræða	Sérkennslustjóri
Lubbi finnur málbeinið	-málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára -kynna bókstaf vikunnar með íslensku máhljóðin í brennidepli -stuðla að auðugum orðaforða sem ýtir undir skýrari framburð.	Allir kennarar
Bína	-Læra undirstöðu fyrir góð boðskipti	Allir kennarar
Heilsueflandi leikskóli	-Halda áfram með vinnuna og efla þátttöku starfsfólks	Heilsuteymi

Tvítýngd börn	-Að auka orðaforða -Efla tjáningu á íslensku	Fjölmeningarteymi
Foreldra verkefni Hugafrelsi	- Hreyfing, jógastaða eða öndun í tengslum við staf vikunnar.	Allir kennarar

1.5. a Hljómsveit

Verkefnið Hljómsveitin hófst í janúar 2015 í henni eru næst elsti árgangurinn í leikskólanum, hópurinn hittist tvisvar í viku í klukkustund í senn. Aðaláherslurnar er almenn málörvun þar sem við eflum orðaforða, hlustunarskilning, vinnum með stafina og máhljóðin, rím, samstöður, margræð orð, samsett orð, hljóðtenging, vinnum með tölur og eflum talnaskilning.

Við styðjumst við ýmis námsefni og hluti af því að vera í Hljómsveit er að heimsækja Bókasafn Reykjanesbæjar.

1.5. b Pennahópur:

Í Pennahóp eru elstu nemendur Vesturbergs. Þau koma saman fjórum sinnum í viku og æfa ýmislegt tengt læsi, stærðfræði, sköpun, samvinnu, náttúru, fjölmenningu og fleira.

Í Pennahóp leggjum við aukna áherslu á leik sem námsleið umfram kennsluaðferðir, að það sé hægt að leyfa þeim að leika meira og læra minna.

Að börn fái að takast á við þau verkefni og viðfangsefni sem henta þroska þeirra og getu hverju sinni og leyfa þeim að njóta styrkleika sinna um leið og unnið er með veikleika þeirra. Helstu markmið Pennahóps eru að þar er lögð áhersla á læsi og stærðfræði en einnig á sköpun, hreyfingu og samvinnu. Einnig er markmið að æfa hópinn fyrir næsta skólastig og gera þau öruggari fyrir þær breytingar sem framundan eru.

Mest um vert er að barnið sé læst á sjálft sig og fari öruggara á næsta skólastig. Eins og fram kemur í Menntastefnu Reykjanesbæjar er læsi samheiti yfir marga færniþætti ásamt því er læsi grundvöllur þess að afla sér þekkingar sem eykur víðsýni og þroskar gagnrýna hugsun. Leiðir í Pennahóp, í upphaf vikunnar eru lagðir inn bókastafir sem unnið er með þá vikuna. Kennsluaðferð Helgu Sigurjónsdóttur er notuð við innlögnina. Auk þess er unnið markvisst með stærðfræði verkefni meðal annars með bókinni Í Talnalandi eftir Hafdísí Finnbogadóttur. Ýmis efniviður er nýttur við kennslu og má nefna kennsluefni frá Hlín Magnúsdóttur Njarðvík, Fjölbreytt kennsla, Numicon kubbar og Vináttuverkefnið um Blæ frá Barnaheill ásamt fleira kennsluefni. Sköpun er stór þáttur í vinnu Pennahóps og eru mörg listaverkin sem líta dagsins ljós í þeirra höndum. Við innlögn bókstafsins er dregið til stafs og fá meðlimir hópsins næg tækifæri til að æfa sig. Pennahópur heimsækir Bókasafn Reykjanesbæjar mjög reglulega yfir veturinn, einnig býður Keflavík börnunum á knattspyrnuæfingar í Reykjaneshöll reglulega yfir veturinn.

Í Vesturbergi höfum við undanfarin misseri lagt aukna áherslu á heilbrigði og velferð. Þar höfum við einkum lagt upp með að heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Með tilkomu Hugarfrelsis inn í starfið í Pennahóp opnast nýjar leiðir með áframhaldandi úrvinnslu á sjálfstyrkingu, öndun, jóga, slökun og hugleiðslu með þátttöku barnanna í huga.

1.5.b Hugarfrelsi í Vesturbergi

Í Vesturbergi höfum við undanfarin misseri lagt aukna áherslu á heilbrigði og velferð starfsfólks. Þar höfum við einkum lagt upp með að heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Með verkfærum frá Hugarfrelsi hefur vellíðan aukist og sækja börnin í hugarfrelsis stundir og virðast njóta þess að vinna og ná ró með þessari aðferð. Eins og segir í Menntastefnu Reykjanesbæjar; *Vellíðan er grundvöllur þess að börnum farnist vel, þau séu virk, tileinki sér nám og öðlist hæfni sjálfum sér og öðrum til heilla.*

Allar heimastofur og Pennahópur nýta sér aðferðir Hugarfrelsis á hverjum degi og eru mjög misjafnar útfærslur á því hvernig það er gert.

Í öllu skólastarfi þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja nemendur og starfsfólk stórum hluta dagsins í leikskólanum. Þess vegna þarf að skapa

jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Með tilkomu Hugarfrelsis inn í starfið í Vesturbergi opnuðust nýjar leiðir með áframhaldandi úrvinnslu á sjálfstyrkingu, öndun, jóga, slökun og hugleiðslu með þátttöku barnanna, fram að því höfðum við einskorðað okkur við starfsfólkið. Við höfum búið til okkar eigin útfærslu af hugarfrelsis spjöldum, þar sem við tengjum öndunaræfingar og joga stöður við staf vikunnar. Einnig erum við með foreldraverkefni 1 sinni í viku, þar sem foreldrar taka þátt í stuttum verkefnum við komu í leikskólann. Það er ekki síst í ljósi þessa tíma að slökun, hugarró, jákvæð sjálfsmynd er afar mikilvæg og á sannarlega skilið að njóta sín.

Í raun þýðir núvitund það að upplifa lífið þegar það er að gerast. Að vera andlega til staðar og auka meðvitund sína um það sem er að gerast innra með þér og í kringum þig.

1.6 Menning, endurmentun og samfélagið

1.6.a Menning og hefðir

Í Vesturbergi eru reglulega samverustundir á sal, þá hittast allir í Kiddasal og gera sér glaðan dag í söng og dansi. Þar fyrir utan eru hátíðisdagar haldnir í Kiddasal. Þeir dagar sem meðal annarra eru haldnir hátíðlegir eru Dagur íslenskrar tungu, íþróttadagur, hrekkjarvaka, jólahátíð, þorrablót, bolludagur, sprengidagur og öskudagur. Ömmum og öfum er boðið í heimsókn á vormánuðum og mömmum og pöbbum er boðið í bollukaffi í leikskólann. Á vormánuðum verður Listahátíð barna haldin með öllum leikskólum Reykjanesbæjar. Heimsókn í Vatnaskóg er orðin hefð í hópi elstu barnanna, þá er farin eins dags útskriftarferð þar sem ævintýri eru upplifuð í Vatnaskógi. Sumarhátíð er haldin með pompi og prakt í samstarfi við Foreldrafélag Vesturbergs. Við fögnum að sjálfsögðu öllum afmælum hér í Vesturbergi með því að búa til kórónu, setjast í afmælisstól og bjóða til veislu.

1.6.c Endurmenntun

Endurmenntun er í alls konar myndum yfir allt árið í Vesturbergi. Skipulagsdagar eru vel nýttir til endurmenntunar og fléttast námskeið inn í skipulagsdagana. Kennarar geta einnig notað undirbúningstíma sinn í endurmenntun.

Haustönn 2023

Undirbúningur og skipulag fyrir veturinn -ágúst 2023

Birte Harksen -Leikgleði með sögum og söng -þróunarverkefni með leikskólum Reykjanesbæjar -september 2023

Styrkirng stjórnenda -stjórnunarteymi og deildarstjórar -haust 2023

Skyndihjálp -upprifjun -nóvember 2023

Vorönn 2024

PECS -myndrænt boðskiptakerfi -janúar 2024

Hugarfrelsi -upprifjun -mars 2024


Námsferð innanlands -apríl 2024

Endurmat -maí 2024

1.6.c Samfélagið í Vesturbergi


Haustið 2023 fer vel í okkar fólk og lítur ljómandi vel út. Nýir nemendur hafa hafið nám og önnur farið á annað skólastig eins og gengur.

Með góðu starfsfólki er allt hægt og erum við í Vesturbergi afar heppin með fólkið okkar. Innan okkar raða er hlutfall leikskólakennara 20% það er þeir sem hafa leyfisbréf leikskólakennara. Ef leikskólakennaranemar og aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn eru teknir inn í jöfnuna þá er fagfólk í yfir helmings stöðuhlutfalli.



Í okkar samfélagi eru fimm tungumál með íslenskunni eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti. Ellefu börn eða um 10% eru með íslensku sem annað mál og fá í hverri viku málörvun eins og við á. Kynjahlutallið í Vesturbergi er fremur ójafnt og hallar á stúlkurnar hjá okkur.

Innan leikskólans á hverju barni að vera tryggðar aðstæður til náms og þroska samkvæmt íslenskum lögum. Í þessu felst að leikskólanum er ætlað að jafna uppeldis- og námsstöðu allra barna. Í Vesturbergi er boðið upp á eflingu/kennslu tví- og fjöltýngdra barna og hefur sú kennsla staði yfir í nokkur ár og gefist mjög vel.



Lokaorð

Starfsáætlun þessi sýnir þær áherslur sem lagðar verða í starfi leikskólans skólaárið 2023-2024. Við höldum áfram með okkar góða starf og að halda við og styðja bæði börn, foreldra og starfsfólk.

Horfum björtum augum til framtíðarinnar og erum sannarlega til í þetta skólaár 2023-2024.

September 2023

Brynja Aðalbergsdóttir

Brynja Aðalbergsdóttir, leikskólastjóri Vesturbegs.

Fyrir okkar leyti, í foreldraráði Vesturbegs, samþykjum við starfsáætlun 2023-2024

Laufey Ósk Andrésdóttir

Laufey Ósk Andrésdóttir

Benedikt Jónsson

Benedikt Jónsson

Aníta Lóa Hauksdóttir

Aníta Lóa Hauksdóttir

Samband íslenska
svéitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. D. Ísland	1. F. 1. S.	1. M. 1. S.	1. M. 1. S.	1. F. 1. S.	1. M. 1. S.	1. F. 1. S.	1. F. 1. S.	1. M. 1. S.	1. M. 1. S.	1. M. 1. S.	1. M. 1. S.
2. D. Ísland	2. L. 2. M.	2. M. 2. M.	2. F. 2. F.	2. L. 2. L.	2. D. 2. D.	2. F. 2. F.	2. L. 2. L.	2. M. 2. M.	2. F. 2. F.	2. D. 2. D.	2. M. 2. M.
3. F. Ísland	3. S. 3. D.	3. D. 3. D.	3. F. 3. F.	3. S. 3. S.	3. L. 3. L.	3. M. 3. M.	3. S. 3. S.	3. M. 3. M.	3. F. 3. F.	3. M. 3. M.	3. F. 3. F.
4. M. Ísland	4. M. 4. M.	4. M. 4. M.	4. L. 4. L.	4. M. 4. M.	4. F. 4. F.	4. S. 4. S.	4. M. 4. M.	4. F. 4. F.	4. L. 4. L.	4. M. 4. M.	4. F. 4. F.
5. L. Ísland	5. F. 5. F.	5. F. 5. F.	5. D. 5. D.	5. M. 5. M.	5. L. 5. L.	5. M. 5. M.	5. F. 5. F.	5. F. 5. F.	5. M. 5. M.	5. L. 5. L.	5. M. 5. M.
6. S. Ísland	6. M. 6. M.	6. F. 6. F.	6. M. 6. M.	6. W. 6. W.	6. S. 6. S.	6. M. 6. M.	6. M. 6. M.	6. L. 6. L.	6. M. 6. M.	6. W. 6. W.	6. L. 6. L.
7. D. Ísland	7. F. 7. F.	7. L. 7. L.	7. D. 7. D.	7. M. 7. M.	7. S. 7. S.	7. F. 7. F.	7. F. 7. F.	7. S. 7. S.	7. D. 7. D.	7. M. 7. M.	7. S. 7. S.
8. D. Ísland	8. F. 8. S.	8. S. 8. S.	8. M. 8. M.	8. W. 8. W.	8. F. 8. F.	8. F. 8. F.	8. F. 8. F.	8. M. 8. M.	8. L. 8. L.	8. M. 8. M.	8. W. 8. W.
9. M. Ísland	9. L. 9. M.	9. M. 9. M.	9. F. 9. F.	9. L. 9. L.	9. F. 9. F.	9. L. 9. L.	9. L. 9. L.	9. D. 9. D.	9. F. 9. F.	9. M. 9. M.	9. W. 9. W.
10. F. Ísland	10. S. 10. D.	10. D. 10. D.	10. F. 10. F.	10. M. 10. M.	10. L. 10. L.	10. S. 10. S.	10. S. 10. S.	10. M. 10. M.	10. F. 10. F.	10. W. 10. W.	10. M. 10. M.
11. F. Ísland	11. M. 11. M.	11. M. 11. M.	11. L. 11. L.	11. F. 11. F.	11. F. 11. F.	11. M. 11. M.	11. M. 11. M.	11. F. 11. F.	11. L. 11. L.	11. M. 11. M.	11. W. 11. W.
12. L. Ísland	12. D. 12. D.	12. D. 12. D.	12. M. 12. M.	12. W. 12. W.	12. F. 12. F.	12. F. 12. F.	12. F. 12. F.	12. M. 12. M.	12. L. 12. L.	12. M. 12. M.	12. W. 12. W.
13. S. Ísland	13. M. 13. M.	13. M. 13. M.	13. L. 13. L.	13. F. 13. F.	13. F. 13. F.	13. M. 13. M.	13. M. 13. M.	13. L. 13. L.	13. F. 13. F.	13. W. 13. W.	13. M. 13. M.
14. M. Ísland	14. F. 14. L.	14. L. 14. L.	14. F. 14. F.	14. M. 14. M.	14. S. 14. S.	14. M. 14. M.	14. F. 14. F.	14. S. 14. S.	14. M. 14. M.	14. W. 14. W.	14. M. 14. M.
15. D. Ísland	15. F. 15. S.	15. S. 15. S.	15. F. 15. F.	15. M. 15. M.	15. L. 15. L.	15. F. 15. F.	15. F. 15. F.	15. M. 15. M.	15. L. 15. L.	15. M. 15. M.	15. W. 15. W.
16. M. Ísland	16. L. 16. M.	16. M. 16. M.	16. F. 16. F.	16. L. 16. L.	16. F. 16. F.	16. L. 16. L.	16. L. 16. L.	16. D. 16. D.	16. F. 16. F.	16. M. 16. M.	16. W. 16. W.
17. F. Ísland	17. S. 17. D.	17. D. 17. D.	17. F. 17. F.	17. M. 17. M.	17. L. 17. L.	17. S. 17. S.	17. S. 17. S.	17. M. 17. M.	17. F. 17. F.	17. W. 17. W.	17. M. 17. M.
18. F. Ísland	18. M. 18. M.	18. M. 18. M.	18. L. 18. L.	18. F. 18. F.	18. F. 18. F.	18. M. 18. M.	18. M. 18. M.	18. L. 18. L.	18. F. 18. F.	18. W. 18. W.	18. M. 18. M.
19. L. Ísland	19. D. 19. D.	19. D. 19. D.	19. M. 19. M.	19. W. 19. W.	19. F. 19. F.	19. D. 19. D.	19. D. 19. D.	19. M. 19. M.	19. L. 19. L.	19. M. 19. M.	19. W. 19. W.
20. S. Ísland	20. M. 20. M.	20. M. 20. M.	20. L. 20. L.	20. F. 20. F.	20. L. 20. L.	20. S. 20. S.	20. S. 20. S.	20. M. 20. M.	20. F. 20. F.	20. W. 20. W.	20. M. 20. M.
21. M. Ísland	21. F. 21. F.	21. F. 21. F.	21. M. 21. M.	21. L. 21. L.	21. S. 21. S.	21. M. 21. M.	21. F. 21. F.	21. S. 21. S.	21. M. 21. M.	21. W. 21. W.	21. M. 21. M.
22. D. Ísland	22. F. 22. S.	22. S. 22. S.	22. F. 22. F.	22. M. 22. M.	22. L. 22. L.	22. F. 22. F.	22. F. 22. F.	22. M. 22. M.	22. L. 22. L.	22. M. 22. M.	22. W. 22. W.
23. M. Ísland	23. L. 23. L.	23. L. 23. L.	23. F. 23. F.	23. M. 23. M.	23. S. 23. S.	23. M. 23. M.	23. L. 23. L.	23. D. 23. D.	23. F. 23. F.	23. M. 23. M.	23. W. 23. W.
24. F. Ísland	24. S. 24. D.	24. D. 24. D.	24. F. 24. F.	24. M. 24. M.	24. L. 24. L.	24. S. 24. S.	24. S. 24. S.	24. M. 24. M.	24. F. 24. F.	24. W. 24. W.	24. M. 24. M.
25. F. Ísland	25. M. 25. M.	25. M. 25. M.	25. L. 25. L.	25. F. 25. F.	25. F. 25. F.	25. M. 25. M.	25. M. 25. M.	25. L. 25. L.	25. F. 25. F.	25. W. 25. W.	25. M. 25. M.
26. L. Ísland	26. D. 26. D.	26. D. 26. D.	26. M. 26. M.	26. W. 26. W.	26. F. 26. F.	26. F. 26. F.	26. F. 26. F.	26. M. 26. M.	26. L. 26. L.	26. M. 26. M.	26. W. 26. W.
27. S. Ísland	27. M. 27. M.	27. M. 27. M.	27. L. 27. L.	27. F. 27. F.	27. L. 27. L.	27. S. 27. S.	27. S. 27. S.	27. M. 27. M.	27. F. 27. F.	27. W. 27. W.	27. M. 27. M.
28. M. Ísland	28. F. 28. F.	28. F. 28. F.	28. M. 28. M.	28. L. 28. L.	28. S. 28. S.	28. M. 28. M.	28. F. 28. F.	28. S. 28. S.	28. M. 28. M.	28. W. 28. W.	28. M. 28. M.
29. D. Ísland	29. F. 29. S.	29. S. 29. S.	29. M. 29. M.	29. W. 29. W.	29. F. 29. F.	29. F. 29. F.	29. F. 29. F.	29. M. 29. M.	29. L. 29. L.	29. M. 29. M.	29. W. 29. W.
30. M. Ísland	30. L. 30. M.	30. M. 30. M.	30. F. 30. F.	30. L. 30. L.	30. F. 30. F.	30. L. 30. L.	30. L. 30. L.	30. D. 30. D.	30. F. 30. F.	30. M. 30. M.	30. W. 30. W.
31. F. Ísland	31. D. 31. D.	31. D. 31. D.	31. M. 31. M.	31. W. 31. W.	31. F. 31. F.	31. F. 31. F.	31. F. 31. F.	31. M. 31. M.	31. L. 31. L.	31. M. 31. M.	31. W. 31. W.